

STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Hlutverk nefndarinnar er hafa yfirsýn og vera ráðgefandi um samskipti og tengsl þjóðkirkjunnar við aðrar kirkjur, kristin trúfélög bæði á Íslandi og erlendis. Þar með er talin þátttaka þjóðkirkjunnar í samkirkjulegum stofnunum og samtökum. Samkirkjunefnd starfar á grundvelli samkirkjustefnu.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Framkvæmdaneftir samkirkjunefndar mynda formaður samkirkjunefndar og tveir nefndarmenn, sem samkirkjunefnd velur. Nefndin sér um mál samkirkjunefndar milli funda, gerir fjárhagsáætlun, undirbýr fundi, annast samskipti sem heyra undir málflokkinn, sinnir skuldbindingum gagnvart samstarfsaðilum og fylgir fram samþykktum gagnvart biskupi og þeim sem mál varða.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Samkirkjunefnd gerir tillögur til biskups um fulltrúa íslensku þjóðkirkjunnar í samkirkjulegum nefndum, ráðum og stofnunum, sem þjóðkirkjan er aðili að eða ákveðið er að starfa með. Skulu fulltrúar íslensku kirkjunnar skila skyrslum um starf sitt og stofnana til nefndarinnar á ársfundihennar.

4. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 30. nóvember 2014.

Reykjavík, 6. nóvember 2014.

Magnús E. Kristjánsson,
forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2014